

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10.
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/1918
komudagur 4.5.2010

29. apríl 2010
Tilvísun: 2010040030

Efni: Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum nr. 113/1990 um tryggingargjald, 591. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 20. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum nr. 113/1990 um tryggingargjald, 591. mál., 138. löggjafarþings.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ofangreindum lögum í samræmi við fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf við gerð stöðugleikasáttmálans 25. júní 2009 varðandi Starfsendurhæfingarsjóð. Í frumvarpinu felst að lögfest verði framlag frá lífeyrissjóðunum til Starfsendurhæfingarsjóðs er nemi 0,13% af iðgjaldastofni lífeyrisiðgjalda frá og með 1. júlí 2010. Auk þess er gert ráð fyrir að iðgjald launagreiðenda til Starfsendurhæfingarsjóðs skuli vera 0,13% af stofni iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda og reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu og ennfremur lögfestingu á 0,13% framlagi ríkissjóðs til Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með 1. júlí 2013, sem lagt er til að verði greitt af tekjum af tryggingagjaldi.

Með þessu móti er áætlað að Starfsendurhæfingarsjóður hafi til ráðstöfunar um þrjú milljarða króna í árlegar tekjur. Skv. 4. gr. frumvarpsins tekur ákvæðið um greiðsluskyldu lífeyrissjóðanna gildi frá og með 1. júlí á þessu ári og er áætlað að þeir greiði um 400 milljónir króna á því hálfá ári sem eftir lifir árs. Frumvarpið gerir ráð fyrir að árlegt framlag lífeyrissjóðanna muni nema 800 - 900 milljónum kr. Á árinu 2008 voru iðgjöld sem greidd voru til samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna skv. 2. gr. laga nr. 129/1997 samtals 86,8 milljarðar kr., en heildartölur fyrir árið 2009 munu ekki liggja fyrir en í byrjun máímánaðar. Samkvæmt því hefði framlag lífeyrissjóðanna til Starfsendurhæfingarsjóðs numið um 940 milljónum kr. á árinu 2008.

I.

Þrátt fyrir að Starfsendurhæfingarsjóði sé ætlað að hafa um þrjú milljarða króna í árlegar tekjur og lífeyrissjóðum landsins þar af ætlað að leggja til um einn milljarð kr. á ári, er ekki fyllilega ljóst hvaða verkefnum sjóðurinn á að sinna og eftir hvaða lögum og reglum hann skuli starfa. Í 1. gr. a frumvarpsins segir einfaldlega að Starfsendurhæfingarsjóður sé sjálfseignarstofnun sem veiti viðtöku iðgjaldi til greiðslu kostnaðar við ráðgjöf, þjónustu og bein úrræði vegna starfsendurhæfingar. Í greininni segir að öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sé skylt frá og með 16 til 70 ára aldurs að tryggja sér

rétt til starfsendurhæfingar með greiðslu iðgjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs. Í skipulagsskrá Starfsendurhæfingarsjóðs ses., er þó að finna nánari skilgreiningu á verkefnum félagsins.

Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að hlutverk og verksvið Starfsendurhæfingarsjóðs væri betur skýrt en gert er með lögum þessum, en lagagreinin virðist ekki gera ráð fyrir því sérstaklega að fjármálaráðherra tilgreini verkefni sjóðsins eða ráðstöfun fjármuna hans með reglugerð.

II.

Í 3. gr. frumvarpsins er reyndar gert ráð fyrir að sett verði bráðabirgðaákvæði í lög nr. 113/1990, um tryggingagjald, sem kveði á um að fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra skuli koma á samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, sem skuli leggja fram tillögur að skýrum lagaramma varðandi ábyrgð og eftirlit með Starfsendurhæfingarsjóðnum fyrir 1. október 2010. Greiðsluskylda lífeyrissjóðanna til Starfsendurhæfingarsjóðs verður sem fyrr segir virk frá og með 1. júlí 2010, sbr. 4. gr. frumvarpsins, en lagaramminn varðandi ábyrgð sjóðsins og eftirlit með honum mun ekki liggja fyrir fyrr en nokkrum mánuðum síðar.

Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að greiðsluskylda lífeyrissjóðanna verði ekki virk, fyrr en sá lagarammi sem á að setja um starfsemi þessa liggja fyrir.

III.

Starfsendurhæfingarsjóður var stofnaður í maí 2008. Stofnaðilar sjóðsins voru ASÍ, SA, BSRB, BHM, Kennarasamband Íslands, Launanefnd sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Fulltrúar þessara samtaka eiga aðild að stjórn sjóðsins. Aðild að sjóðnum og stjórnun hans virðist fyrst og fremst hafa byggst á samkomulagi samtaka atvinnurekenda og stærstu landssamtaka stéttarfélaga. Þótt fjöldi stofnaðila beri með sér að reynt hafi verið að skapa viðtæka sátt um rekstur sjóðsins, verður þó ekki fram hjá því litið að ekki er gert ráð fyrir beinni aðild lífeyrissjóðanna sjálfra að rekstri hans, þrátt fyrir greiðsluskyldu þeirra til sjóðsins. Landssamtök lífeyrissjóða eiga til að mynda ekki beina aðild að stjórnun sjóðsins. Þar að auki eru starfandi margir lífeyrissjóðir sem eru utan þeirra landssamtaka stéttarfélaga sem aðild eiga að Starfsendurhæfingarsjóðnum. Lætur nærri að iðgjöld til samtryggingardeilda þessara sjóða nemi um 12% greiddra iðgjalda, miðað við tölur frá árinu 2008.

Fjármálaeftirlitið telur óeðlilegt að lögð sé greiðsluskylda á lífeyrissjóði sem nemur rúmlega 100 millj. kr. á ári til óopinbers aðila, án þess að þessir lífeyrissjóðir hafi beina eða óbeina aðild að stjórnun eða rekstri þess aðila.

IV.

Fjármálaeftirlitið vill jafnframt vekja athygli á að í 20. gr. laga nr. 129/1997 er almenn skilgreining á starfsemi lífeyrissjóða, sem kveður á um að starfsemi þeirra skuli lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Er í lagagreininni sérstaklega tekið fram að lífeyrissjóður skuli ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem að framan greinir og starfsemi sem fellur undir skilgreiningu á lífeyrissjóði í 2. mgr. 1. gr. laganna, en þar segir að með lífeyrissjóði sé átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum í I., II. og III. kafla laganna. Í 2. mgr. 20. gr. laganna er sérstaklega tekið fram að lífeyrissjóði sé ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Augljóst má vera að orðalag í 1. gr. a frumvarpsins, um að Starfsendurhæfingarsjóður veiti

viðtöku iðgjalda til greiðslu kostnaðar við ráðgjöf, þjónustu og bein úrræði vegna starfsendurhæfingar, fellur ekki að meginskilgreiningu laganna um starfsemi lífeyrissjóða og er reyndar í beinni andstöðu við 2. mgr. 20. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitið telur æskilegt að komið verði í veg fyrir lagalega óvissu, með þeim hætti að tiltekið verði í ákvæðum frumvarpsins, að lífeyrissjóðum sé heimilt að ráðstafa fjármunum sínum með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þrátt fyrir ótvírætt orðalag 2. mgr. 1. gr. og 20. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Rúnar Guðmundsson


Olafur E. Friðriksson